

Garðabær 25. September 2019

Bæjarstjórn Garðabæjar

Bt. Gunnar Einarssonar bæjarstjóra

Varðandi norrænt samstarf

Í áratugi hefur verið gott samstarf milli bæjaryfirvalda og Norræna félagsins í Garðabæ. Áður sá bærinn um vinabæjamótin og greiddi allan kostnað. Þegar bærinn sleit samstarfi við Norræna félagið um vinabæjamótin og sá háttur komst á að bæjarstjórnirnar og bæjarstarfsmenn voru á sér vinabæjamóti og félagar norrænu félaganna á öðru, hélt bærinn áfram að veita félaginu styrki vegna vinabæjamóta.

Árið 2012 stóð félagið fyrir vinabæjamóti í Garðabæ sem tókst mjög vel. Fjárhagsstuðningur bæjarins var með ágætum og með útsjónarsemi dugði hann fyrir stórum hluta kostnaðar.

Nú hefur félagið ákveðið að boða til vinabæjamóts í lok júní 2020. Því leitar félagið eftir fjárstuðningi úr bæjarsjóði að fjárhæð 980.000 krónur. Peningarnir færu væntanlega að mestu í að greiða fyrir veislu sem haldin yrði fyrir þátttakendur og gestgjafa þeirra sem hefðu þá í heimagistingu ásamt ferðum innanbæjar.

Með bestu kveðju

Hilmar Ingólfsson formaður.